

Eignarhaldsfélagið  
Brunabótafélag Íslands  
Ársreikningur 2013

Eignarhaldsfélagið  
Brunabótafélag Íslands  
Hlíðarsmára 8  
201 Kópavogur

Kt. 480169-4179

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu fyrir árið 2013 .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	7
Skýringar .....	8

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

## Rekstur ársins 2013

Starfsemi félagsins á árinu 2013 fólst í fjármálastarfsemi. Hagnaður var á rekstri félagsins á árinu 2013 að fjárhæð 54,6 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok nam 2.330 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi eða um 73,5% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings.

Félagið ver hagnaði sínum til almenningsheilla með það að markmiði að efla brunavarnir sveitarfélaga landsins. Þá hefur félagið stuðlað að hagstæðri váttryggingarvernd og margvíslegum forvörnum á sviði váttrygginga fyrir sveitarfélögin og íbúa þeirra. Einnig hefur félagið styrkt ýmis verkefni á sviði forvarna í brunamálum s.s. útgáfa á kennslubók í viðbrögðum við gróðureldum í samvinnu við Mannvirkjastofnun og verkefni í brunavörnum inn á leikskólum landsins í samvinnu við slökkviliðin og slökkviálfana Loga og Glóð. Þá hefur félagið tekið þátt í ýmsum forvarnarverkefnum á vegum Eldvarnabandalagsins, en aðilar að því auk EBÍ eru m.a. Mannvirkjastofnun, tryggingafélögin og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Stærsta einstaka forvarnarverkefnið sem EBÍ styður við er þróun hugbúnaðar til að efla eftirlit með brunavörnum en samstarfssamningur mill EBÍ, Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins og Mannvirkjastofnunar var undirritaður í júlí 2012.

Stjórn Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum. Þann 7. september 2012 samþykkti stjórnin formlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, ítarlegar reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingargjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira. Félagið hefur sett sér fjárfestingastefnu sem unnið er eftir við fjárfestingar. Þar er m.a. tilgreint hver séu markmið um skiptingu eigna niður á ábyrgðaraðila. Skv. núverandi stefnu er gert ráð fyrir að 65% eigna séu í ríkisbréfum, 14% í skráðum hlutabréfum og 8% í skuldabréfum sveitarfélaga. Meginmarkmið stefnunnar er að EBÍ standi undir skilgreindum lágmarksútgreiðslum til sveitarfélaganna og líkur á að skerða höfuðstól með útgreiðslum séu lágmarkaðar. Fjárfestingastefnan er endurskoðuð árlega. Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og fundar með endurskoðendum félagsins.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2013, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013.

Stjórn og framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Ísland hafa í dag rætt um ársreikning félagsins fyrir árið 2013 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. febrúar 2014

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirra hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem er hluti af ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 28. febrúar 2014

**KPMG ehf.**

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu fyrir árið 2013

	Skýr.	2013	2012
<b>Rekstrartekjur</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur .....		197.141.544	98.899.153
Fenginn arður .....		1.310.878	1.427.797
Gangvirðisbreytingar verðbréfa .....		16.319.253	130.622.320
Fjármagnsgjöld .....		( 9.201.683)	( 5.427.205)
		205.569.992	225.522.065
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	8	23.450.986	23.108.827
Lífeyrisskuldbinding, hækkun .....	13	48.810.055	59.078.374
Rekstur húsnæðis .....		2.767.877	3.184.307
Annar rekstrarkostnaður .....		23.013.601	21.868.403
		98.042.519	107.239.911
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		107.527.473	118.282.154
Fjármagnstekjuskattur .....	12	( 52.954.638)	( 47.647.450)
<b>Hagnaður ársins</b> .....		54.572.835	70.634.704

## Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýr.	2013	2012
<b>Eignir</b>			
Skuldabréf .....	9	2.883.495.659	3.014.717.072
Skráð hlutabréf .....		194.566.200	144.416.745
Verðbréf samtals		<u>3.078.061.859</u>	<u>3.159.133.817</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	4,10	2.305.221	2.925.221
Handbært fé .....	5	89.453.738	78.354.190
Aðrar eignir samtals		<u>91.758.959</u>	<u>81.279.411</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>3.169.820.818</u></u>	<u><u>3.240.413.228</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Sameignarsjóður .....		780.634.314	782.478.564
Annað eigið fé .....		1.549.246.187	1.642.829.102
Eigið fé samtals	6,11,16	<u>2.329.880.501</u>	<u>2.425.307.666</u>
<b>Skuldir</b>			
Lífeyrisskuldbinding.....	13	695.518.933	684.665.236
Áfallinn fjármagnstekjuskattur .....	7,12	143.456.095	129.587.620
Ýmsar skammtímaskuldir .....	15	965.289	852.706
Aðrar skuldir samtals		<u>144.421.384</u>	<u>130.440.326</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>839.940.317</u>	<u>815.105.562</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>3.169.820.818</u></u>	<u><u>3.240.413.228</u></u>

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2013

	Skýr.	2013	2012
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....		54.572.835	70.634.704
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskrift bifreiðar .....		620.000	620.000
Áfallinn fjármagnstekjuskattur, breyting .....		13.868.475	30.895.548
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	13	10.853.697	24.021.070
Veltufé frá rekstri		79.915.007	126.171.322
 Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum .....		112.583	( 1.015.556)
Handbært fé frá rekstri		80.027.590	125.155.766
 <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Verðbréf, breyting .....	9	81.071.958	23.961.458
Fjárfestingahreyfingar		81.071.958	23.961.458
 <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Framlag til sveitarfélaga .....	11	( 150.000.000)	( 100.000.000)
Fjármögnunarhreyfingar		( 150.000.000)	( 100.000.000)
 <b>Breyting á handbæru fé</b> .....		11.099.548	49.117.224
 <b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		78.354.190	29.236.966
 <b>Handbært fé í árslok</b> .....		89.453.738	78.354.190

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### 2. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### 3. Verðbréf

Verðbréf, sem öll eru í vörslu fjármálastofnana og samanstanda af skuldabréfum, hlutdeildarskírteinum og hlutabréfum eru færð til eignar á áætluðu markaðsverði í árslok.

### 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

### 5. Handbært fé

Óbundnar bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### 6. Eigið fé

Framlag til sveitarfélaga á grundvelli samþykka félagsins er fært til lækkunar á eigin fé.

### 7. Skattskuldbinding

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands er undanþegið greiðslu tekjuskatts samkvæmt 2. tölulið 4. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt. Félaginu ber hins vegar að skila fjármagnstekjuskatti af innleystum fjármunatekjum.

### 8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2013	2012
Laun .....	13.564	11.683
Stjórnarlaun .....	5.103	4.626
Launatengd gjöld .....	4.784	4.401
Laun, launatengd gjöld samtals .....	<u>23.451</u>	<u>20.710</u>
Starfsmenn að meðaltali .....	1,5	1,5

Laun framkvæmdastjóra nema 12.558 þús. kr. á árinu 2013.

### 9. Skuldabréf

Skuldabréf félagsins í árslok greinast þannig:

Skuldabréf skráð í Kauphöll Íslands .....	673.249	1.011.207
Hlutdeildarskírteini skráð í Kauphöll Íslands .....	1.672.052	1.573.988
Önnur skráð hlutdeildarskírteini .....	454.441	353.552
Óskráð hlutdeildarskírteini .....	83.754	75.970
	<u>2.883.496</u>	<u>3.014.717</u>



## Skýringar, frh.:

### 10. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Bifreið	Innréttingar	Samtals
Heildarverð 1.1.2013 .....	1.860	1.065	2.925
Heildarverð 31.12.2013 .....	1.860	1.065	2.925
Afskriftir 1.1.2013 .....	0	0	0
Afskrifað á árinu .....	620	0	620
Afskriftir 31.12.2013 .....	620	0	620
Bókfært verð 31.12.2013 .....	1.240	1.065	2.305
Afskriftahlutfall .....	20%	0%	

Innréttingar í árslok 2013 eru listaverk sem ekki eru afskrifuð.

### 11. Eigið fé

Eiginfjárreikningar í lok ársins 2013 og breytingar á þeim á árinu greinast þannig:

	Sameignar- sjóður	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2013 .....	782.479	1.642.829	2.425.308
Framlag til sveitarfélaga .....		( 150.000)	( 150.000)
Hagnaður ársins .....		54.573	54.573
Fært í sameignarsjóð .....	( 1.845)	1.845	0
Eigið fé 31.12.2013 .....	780.634	1.549.247	2.329.880

Hlutdeild sameignarsjóðsins í eigin fé er byggð á hutfallslegri skiptingu eigin fjár milli eignaraðila sbr. 16. skýringu.

### 12. Skuldbindingar

Félagið hefur verið undanþegið greiðslu tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981 eins og forveri þess Brunabótafélag Íslands var allt frá stofnun. Félagið hefur hins vegar greitt fjármagnstekjuskatt af innlestum vaxtatekjum á grundvelli 4. mgr. 72. gr. laga nr. 75/1981 síðan ákvæðin um fjármagnstekjuskatt komu til framkvæmda á árinu 1997. Á árinu 2013 nemur innlestur fjármagnstekjuskattur 39,1 millj. kr.

Fjármagnstekjuskattur greinist þannig:

Fjármagnstekjuskattur í upphafi árs .....	129.588
Áfallinn fjármagnstekjuskattur á árinu .....	52.955
Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu .....	( 39.077)
Fjármagnstekjuskattur í lok árs .....	143.466

13. Á félaginu hvílir eftirlaunaskuldbinding vegna fyrrverandi starfsmanna þess. Félagið greiðir hluta af eftirlaunum fyrrverandi starfsmanna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og námu slíkar greiðslur um 38,0 millj. kr. á árinu. Eftirlaunaskuldbinding félgsins hefur verið reiknuð af tryggingastærðfræðingi miðað við 2% vexti. Lífeyrisskuldbindingin nam um 696 millj. kr. í árslok 2013 og er hún færð í ársreikninginn.

14. Félagið hefur gengist í ábyrgð vegna skuldabréfa að eftirstöðvum 7,1 millj. kr. í árslok 2013. Um er að ræða skuldabréf sveitarfélaga vegna kaupa á slökkvibifreiðum.

## Skýringar, frh.:

---

### 15. Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir greinast þannig:	<b>2013</b>	<b>2.012</b>
Ógreiddir reikningar .....	965	853
Ýmsar skammtímaskuldir, samtals .....	<u>965</u>	<u>853</u>

### 16. Önnur mál

Samkvæmt 5. og 6. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands eru sameigendur félagsins tryggingatakar og sameignarsjóður eignarhaldsfélagsins eftir nánari reglum laganna. Eignarréttindi tryggingataka falla til sameignarsjóðsins þegar eignaraðild þeirra verður óvirk samkvæmt 15. gr. laganna. Eignaraðild að félaginu var sem hér segir í árslok.

Tryggingatakar .....	66,49	67,74
Sameignarsjóður .....	33,51	32,26
	<u>100,00</u>	<u>100,00</u>